

Miðvikudaginn 20. nóvember 1979.

Nr. 2/1979. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands
vegna Félags járníðnaðarmanna
 (Brynjólfur Kjartansson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Sambands Málm- og skipasmiðja
vegna Stálsmiðjunnar h.f.
 (Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

Bónusgreiðslur. Vaktavinna.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f.m., er höfðað með stefnu útgefinni 17. maí s.l.

Stefnandi málsins er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags járníðnaðarmanna.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Sambands Málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar h.f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar: „Að viðurkennt verði að bónusgreiðslur til þeirra meðlima Félags járníðnaðarmanna, sem unnu að viðgerð á b.v. Rauðanúpi sumarið 1978, í samræmi við samkomulag frá 5. maí 1978, skuli gerðar upp með dagvinnukaupi hvers og eins starfsmanns að viðbættu 33% álagi. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.“

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst þannig, að vorið 1978 hafi Stálsmiðjan h.f. tekið að sér viðgerð á b.v. Rauðanúpi Þ.H. 160 og hafi viðgerðin verið unnin á tímabilinu 9. maí til 23. júní 1978. Verkið hafi verið unnið í vaktavinnu og hafi verið gerður sérstakur samningur milli Sambands Málm- og skipasmiðja annars vegar og Málm- og skipasmiðasambands Íslands og Félags járníðnaðarmanna hins vegar um vaktavinnugreiðslur til starfsmanna Stálsmiðjunnar h.f. við þetta verk. Þá hafi verkið verið unnið í ákvæðisvinnu þar sem miðað hafi verið við að það tæki ákveðinn fjölda klukku-

stunda, en slíkt fyrirkomulag hafi verið við lýði í Stálsmiðjunni h.f. í meira en tvo átatugi. Hafi slík ákvæðisvinna verið með þeim hætti að tæki verk skemmri tíma en tilskilið hafi verið væri umfram tíma deilt niður í hlutfalli við greidda tíma starfsmannanna og þeir síðan greiddir með dagvinnukaupi hvers og eins. Stefnendur telji að dagvinnukaup við viðgerðina á b.v. Rauðanúpi hafi verið dagvinnukaup með 33% álagi og beri að greiða ákvæðisvinnuna á þeim grundvelli. Fyrirsvarsmenn Stálsmiðjunnar h.f. hafi hafnað þeim skilningi stefnenda og greitt ákvæðisvinnuna með dagvinnukaupi án álags. Hafi stefndum því borið nauðsyn til að höfða mál þetta til að fá skorið úr þeim ágreiningi um kjör starfsmanna Stálsmiðjunnar h.f.

Samningur sá, sem gerður var um vaktavinnu við viðgerðina á b.v. Rauðanúpi er svohljóðandi:

„1 *Vinnutílhögun á 10 tíma vöktum.*

Heimilt er að vinna á vöktum og skal vinnutíma þá hagað sem hér segir;

Morgunvakt	kl. 06.00 til 16.00
kaffihlé	kl. 09.00 til 09.15
matarhlé	kl. 12.15 til 13.00
Kvöldvakt	kl. 16.00 til 02.00
matarhlé	kl. 19.00 til 19.45
kaffihlé	kl. 22.45 til 23.00

Vinnutími vaktavinnnumanna skal vera óslitinn.

Ekki er heimilt að vinna vaktaskiptavinnu samkvæmt samningi þessum nema hún standi yfir a.m.k. 14 daga (2 vikur) óslitið, nema veður eða aðrar óviðráðanlegar ástæður hamli að unnið sé. Vaktahópar skulu skipta vikulega og skila sem næst jafn mörgum morgun og kvöldvöktum.

2. *Um tímaskrift og laun á 10 tíma vöktum:*

Laun vaktavinnnumanna skulu vera sem hér segir (mánudaga til og með föstudaga):

Morgunvakt:	8 klst. á dagvinnukaupi með 33% álagi
	2 klst. á eftirvinnukaupi
Kvöldvakt:	8 klst. á dagvinnukaupi með 33% álagi
	2 klst. á næturvinnukaupi.

Þurfi lengingu vinnutíma vegna vaktaskipta skal greiða fyrir þá lengingu vinnutíma sérstaklega. Öll vinna vaktavinnu-

manna fram yfir framangreindar vaktir telst næturvinna.

3. Vegna upphafs vinnu kl. 06.00 að morgni og vinnuslita kl. 02.00 að nóttu, skal vinnuveitandi sjá starfsmönnum fyrir flutningi þeim að kostnaðarlausu, ásamt greiðslu fyrir raun ferðatíma á þessum ferðum.

Vegna skerts neyslutíma til matar á kvöldvakt, skal vinnuveitandi útvega starfsmönnum á kvöldvakt heita máltíð á vinnustað eða mótuneyti viðkomandi fyrirtækis.“

Krafa stefnanda er byggð á því, að í meira en tvo áratugi hafi sú venja viðgengist hjá Stálsmiðjunni h/f, að ýmis verk hafi verið unnin í ákvæðisvinnu. Hafi þá verið miðað við það, að ákveðinn fjöldi klukkustunda þyrfti til að ljúka verki. Ef hins vegar tækist að ljúka því á skemmri tíma, hafi þeim tíma, sem af gekk, verið skipt milli starfsmanna, sem að verkinu unnu, í hlutfalli við greiddar vinnustundir þeirra og hann greiddur með dagvinnukaupi hvers og eins, án tillits til þess hvort verkið væri unnið í dagvinnu, yfirvinnu eða næturvinnu. Séu þessar greiðslur kallaður „bónus“. Viðgerðin við b.v. Rauðanúp hafi verið unnin í ákvæðisvinnu og hafi í útboði verið gert ráð fyrir, að í verkið færu 22 tonn af nýju stáli og þyrfti 9000 klst. til að vinna það. Ef hins vegar þyrfti minna stál hafi tími þessi átt að stytast um 400 klst. fyrir hvert tonn sem á vantaði. Tekist hafi að ljúka viðgerðinni á skemmri tíma en ráðgert hafði verið. Er Stálsmiðjan hafi greitt starfsmönnum sínum fyrir verkið, hafi „bónusinn“ verið greiddur með venjulegu dagvinnukaupi hvers starfsmanns. Starfsmennirnir telji dagvinnukaup sitt við verk þetta vera venjulegt dagvinnukaup hvers og eins að viðbættu 33% álagi. Hafi ekki verið um að ræða annað dagvinnukaup við verk þetta og beri því að greiða „bónusinn“ þannig, en ekki með dagvinnukaupi, sem gilt hafi við allt aðra vinnu. Sem dæmi um þýðingu þessa fyrir starfsmennina megi geta þess, að einn þeirra, Sigurður Ingi Sigmarsson, hafi fengið í „bónus“ kr. 126.208.00, en miðað við kröfugerð í máli þessu hafi hann átt að fá 33% hærri fjárhæð eða alls kr. 167.857.00.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ágreiningslaust sé með aðilum, að þegar ákvæðisvinnuverk hafi verið unnin hjá Stálsmiðjunni h/f í dag-, eftir- og næturvinnu hafi sú venja viðgengist í meira en tvo áratugi, að sparaðir tímar hafi ávallt verið greiddir með dagvinnukaupi hvers og eins starfsmanns. Tilgangur vaktalags sé sá,

að vera greiðsla fyrir vinnu utan dagvinnutíma auk þess að vera uppbót fyrir óreglulegan vinnutíma, ef menn vinna ekki ávallt sömu vaktir og vaktahópar skiptast á vöktum innbyrðis. Af ákvæðum kjarasamninga um vaktavinnu sé ljóst, að vaktaálag sé greitt fyrir vinnu utan dagvinnutíma og þegar um ákvæðisvinnu eða aðra afkastahvetjandi vinnu hafi verið að ræða utan dagvinnutíma hafi grundvöllur við útreikning ágóða starfsmanna ávallt verið dagvinnulaun viðkomandi manns. Í tilviki því, sem hér er fjallað um, hljóti að gilda sama regla um grundvöll ákvæðisvinnu, hvort sem hún er unnin í vaktavinnu, eða í dag-, eftir- og næturvinnu. Sé fráleitt að greiðsla þessi sé hærrí hjá starfsmanni, sem vinni á tíu tíma vöktum en starfsmanni sem vinni jafnlangan tíma og fái greitt með dag-, eftir- og næturvinnukaupi. Hafi það verið meginstefna Vinnuveitendafélags Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, sem framfylgt hafi verið, að grundvöllur útreiknings ágóða starfsmanna við afkastahvetjandi launakerfi sé ávallt dagvinnukaup. Þessari reglu hafi einnig verið beitt þar sem vaktavinna hafi verið unnin og afkastahvetjandi launakerfi beitt og sé ekki vitað um neinar undantekningar frá þeirri tilhögun. Sé því ljóst að grundvöllur tímaakkorðs þess, sem notað var við viðgerð á b.v. Rauðanúpi vor- ið 1978 sé dagvinnukaup og hafi Stálsmiðjan h.f. greitt á framan- greindum forsendum tímaakkorðið á fullkomlega réttan hátt til þeirra starfsmanna, sem unnu verk þetta. Krafa stefnanda um að tímaakkorðið verði greitt með dagvinnukaupi með 33% álagi sé því ekki á rökum reist.

Álit dómsins.

Það er ágreiningslaust, að starfsmenn Stálsmiðjunnar h.f. hafi jafnan áður unnið verk í ákvæðisvinnu með þeim hætti, að lagt hafi verið til grundvallar að verk tæki ákveðinn fjölda klukkustunda, en lyki því á skemmri tíma, hafi þeim tíma sem af gekk verið skipt milli þeirra starfsmanna sem við verkið unnu í hlutfalli við vinnustundir hvers þeirra og hafi þær stundir verið greiddar með dagvinnukaupi hvers og eins. Skriflegur samningur um þessa vinnu- tilhögun hjá Stálsmiðjunni liggur ekki fyrir. Ágreiningslaust er, að starfsmenn hafi ekki áður innt af hendi slíka ákvæðisvinnu í vaktavinnu. Þegar litið er til þessa og þeirrar framkvæmdar á greiðslum við ákvæðisvinnu, sem beitt hefur verið, hefur stefnandi ekki sýnt fram á að greiða eigi bónusgreiðslur með vaktaálagi fyrir umrædda

vinnu við b.v. Rauðanúp. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Páll S. Pálsson og Ragnar Ólafsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Sambands Málm- og skipasmiða vegna Stálsmiðjunnar h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags járníðnaðarmanna.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 11. desember 1979.

Nr. 6/1979.

Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Höldar s.f.

(Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Kjarasamningar. Deilt um kjör verslunar- og skrifstofufólks.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f.m., er höfðað með stefnu útgefni 7. ágúst s.l.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Höldar s.f. á Akureyri.